

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1084****2019/EES/92/03****frá 25. júní 2019****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar samræmingu á skrá yfir samþykkt eða skráð fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila og rekjanleika tiltekinna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum 21. gr. (a-liður 5. mgr.), 23. gr. (3. mgr.), 41. gr. (4. mgr.), 47. gr. (2. mgr.) og 48. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um framkvæmdarreglur fyrir reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. kröfur varðandi viðskiptaskjöl og rekjanleika aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða.
- 2) Samkvæmt 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 á viðskiptaskjal, sem er samið í samræmi við fyrirmyndina sem er sett fram í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og sem rekstraraðilinn fyllir út, að fylgja með hverri sendingu af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum meðan á flutningi stendur.
- 3) Lögbært yfirvald upprunaaðildarríkis á að tilkynna lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkis um sendingu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða skv. 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 gegnum samþætt, tölvuvætt upplýsingakerfi um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfið) sem var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB ⁽³⁾.
- 4) Að því er varðar skilvirkt opinbert eftirlit á viðtökustað ætti rekstraraðilum sem eiga aðild að því að senda sendingar, skv. 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einungis að vera heimilt að velja viðtökustaðinn úr skrá yfir samþykkt eða skráð fyrirtæki og stöðvar, sem eru felldar inn í Traces-kerfið, en ekki úr skrá yfir skráða rekstraraðila sem eru einnig felldar inn í Traces-kerfið.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að bæta við kröfum um samræmdar skrár yfir samþykkt eða skráð fyrirtæki og stöðvar og kveða á um að uppfærðar samræmdar skrár séu færðar inn í Traces-kerfið eða aðgengilegar þar inni. Því ætti að bæta nýrri grein við í VI. kafla reglugerðar (ESB) nr. 142/2011.
- 6) Samræming á skrá í Traces-kerfinu eða aðgengileiki gegnum það getur skapað stjórnsýsluálag fyrir lögbær yfirvöld í aðildarríkjum. Því ættu lögbær yfirvöld að fá viðeigandi umbreytingartímabil til að innleiða nýju ákvæðin.
- 7) Ákvæði 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 ættu ekki að gilda ef um er að ræða tiltekna flutninga á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum milli yfirráðasvæða Rússneska sambandsríkisins, sem um getur í 29. gr. þeirrar reglugerðar, og ef um er að ræða tiltekinn umflutning gegnum Króatíu á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem koma frá Bosníu og Hersegóvínu og eiga að fara til þriðju landa sem um getur í 29. gr. a í þeirri reglugerð. Í sértækum kröfum vegna flutninga og umflutnings, sem mælt er fyrir um í fyrirnefndum greinum, er kveðið á um viðeigandi vernd fyrir heilbrigði manna og dýra og þar með er gert kleift að veita undanþágu frá skráningu upprunafyrirtækja og upprunastöðva í Traces-kerfið.
- 8) Því ætti að breyta 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 171, 26.6.2019, bls. 100. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2019 frá 25. október 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 300, 14.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stj. 54, 26.2.2011, bls. 1).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EEB (Stj. 94, 31.3.2004, bls. 63).

- 9) Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eiga rekstraraðilar að tryggja að viðskiptaskjal fylgi með aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum meðan á flutningi stendur. Til að koma í veg fyrir notkun tiltekinnna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða í framleiðsluferli fódurs fyrir alidýr ætti að skýra nánar starfsemi skráðra seljenda, sem bera ábyrgð á tilhögun flutninga, og gera hana gagnsærri að því er varðar opinbert eftirlit. Aðlaga ætti fyrirmyndina að viðskiptaskjalinu sem verður að fylgja fyrirnefndum aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til að veita nauðsynlegar upplýsingar.
- 10) Tilteknar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, falla undir málsmeðferðarreglur um að beina þeim í tiltekna farvegi. Rekstraraðilar og lögbær yfirvöld skulu tryggja að þegar geymslu er krafist komi slíkar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir alltaf í geymslustöð, sem er skráð í samræmi við a-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, starfsstöð eða stöð sem er samþykkt í samræmi við 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar eða komi á viðtökustað sem er tilgreindur í i. til iv. lið j-liðar 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar. Þess vegna er nauðsynlegt að laga fyrirmyndina að viðskiptaskjalinu að kröfunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.
- 11) Tímalengd flutnings milli upprunastaðar og viðtökustaðar ætti að takmarkast við 15 virka daga til að tryggja rekjanleika sendinga. Ef sending kemur ekki á viðtökustaðinn innan þess tímabils eiga öll hlutaðeigandi lögbær yfirvöld tafarlaust að finna hvar slík sending er niðurkomin.
- 12) Ýmsar nýjar vörur falla undir viðskipti milli aðildarríkja. Endurskoða ætti viðskiptaskjalið til að skrá þessar nýju vörur til samræmis við það.
- 13) Því ætti að breyta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 14) Sendingar til annarra aðildarríkja af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skulu heimilaðar fyrir fram af hálfu lögbærs yfirvalds viðtökuaðildarríkisins, að fenginni beiðni rekstraraðila. Í XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er sett fram staðlað snið fyrir leyfi til sendingar á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til annars aðildarríkis. Breyta ætti þessu sniði til að bæta við upplýsingum um heimilaðan viðtökustað afleiddra afurða og heimilaða notendur aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða. Leyfi fyrir þessum aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum í einu aðildarríki kemur ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki synji um slíka sendingu. Setja ætti staðlað snið fyrir leyfið í Traces-kerfið og tengja það rafrænt við viðskiptaskjalið sem er notað fyrir heimilaðar sendingar af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum til að koma í veg fyrir að til verði viðskiptaskjal án útfyllts umsóknareyðublaðs sem lögbært yfirvald á viðtökustaðnum samþykkir.
- 15) Því ætti að breyta XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 20. gr. a er bætt við:

„20. gr. a

Skrá yfir fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila í aðildarríkjum

Lögbært yfirvald aðildarríkis skal tryggja að uppfærðar skrár yfir fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, séu:

- a) teknar saman í samræmi við tækniforskriftirnar sem eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar (*),
- b) annaðhvort settar inn í Traces-kerfið eða aðgengilegar gegnum Traces-kerfið eigi síðar en 31. október 2021.

(*) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/fs-animal-products-app-est-technical_spec_04032012_en.pdf

2) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 30. gr.:

„Þessi grein gildir ekki um tiltekna flutninga á sendingum af aukaafurðum úr dýrum sem koma frá Rússneska sambandsríkinu og eiga að fara þangað, eins og um getur í 29. gr., og um flutning á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem koma frá Bosníu og Hersegóvínu og eiga að fara til þriðju landa sem um getur í 29. gr. a.“

3) Í stað 7. mgr. 32. gr. kemur eftirfarandi:

„7. Rekstraraðilar skulu leggja fram umsóknir um leyfið sem um getur í 6. mgr., í samræmi við staðlaða sniðið sem sett er fram í 10. þætti III. kafla XVI. viðauka við þessa reglugerð, gegnum Traces-kerfið.“

4) Ákvæðum VIII. og XVI. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 6. liðar III. kafla VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað iv. til vii. liðar í f-lið kemur eftirfarandi:

- „iv. heiti og heimilisfang upprunafyrirtækis eða upprunastöðvar efnisins og samþykkis- eða skráningarnúmer sem er úthlutað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 eða, eftir atvikum, í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ⁽¹⁾, (EB) nr. 853/2004 ⁽²⁾ eða (EB) nr. 183/2005 ⁽³⁾ og eðli og aðferð við meðhöndlun, eftir því sem við á,
- v. heiti, heimilisfang og skráningarnúmer flutningsaðila efnisins,
- vi. heiti og heimilisfang viðtökufyrirtækis eða viðtökustöðvar og skráningar- eða samþykkisnúmer sem var úthlutað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 eða, eftir atvikum, í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 852/2004 eða (EB) nr. 183/2005,
- vii. ef um er að ræða flutning í gámum, allt kenninúmer gámsins (BIC-kóði) sem er gefið út í samræmi við kröfur Bureau International des Containers et du Transport Intermodal ⁽⁴⁾,
- viii. ef um er að ræða útflutning á unnu dýraprótni og afurðum sem innihalda unnið dýraprótn eins og um getur í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, aðildarríkið þar sem sendingarnar fara út og skoðunarstöð á landamærum, sem um getur í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ⁽⁵⁾, þar sem sendingarnar fara út.“

b) Eftirfarandi i-lið er bætt við:

- „i). Lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á viðtökustaðnum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 skal, innan 15 virkra daga frá móttöku upplýsinganna sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 48. gr. þeirrar reglugerðar, upplýsa lögbært yfirvald í upprunaaðildarríkinu um komu sendingarinnar í gegnum Traces-kerfið.“

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjttíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjttíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður (Stjttíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1).

⁽⁴⁾ <https://www.bic-code.org/identification-number/>

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknæiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjttíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

c) Í stað fyrirmyndar að viðskiptaskjali kemur eftirfarandi:

„Viðskiptaskjal

Fyrir flutninga innan Evrópusambandsins á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009

EVROPUSAMBANDIÐ

Viðskiptaskjal

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi				I.2. Tilvísunarnúmer skjals		I.2.a Tilvísunarnúmer staðar		
	Heiti				I.3. Lögbært stjórnvald				
	Heimilisfang				I.4. Lögbært staðaryfirvald				
	Samþykkis- eða skráningarnúmer								
	Póstnúmer								
	I.5. Viðtakandi				I.6. Skráður seljandi				
	Heiti				Heiti				
	Heimilisfang				Skráningarnúmer				
	Póstnúmer				Heimilisfang				
	Samþykkis- eða skráningarnúmer				Póstnúmer				
Sími				Aðildarríki					
I.7.									
I.8. Upprunaland		ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði		Kóði	I.10. Viðtökuland		ISO-kóði	
						I.11. Viðtökusvæði		Kóði	
I.12. Upprunastaður				I.13. Viðtökustaður					
Starfsstöð		<input type="checkbox"/>	Starfsstöð		<input type="checkbox"/>				
Heiti		Samþykkis- eða skráningarnúmer		Heiti		Samþykkis- eða skráningarnúmer			
Heimilisfang				Heimilisfang					
Póstnúmer				Póstnúmer					
I.14. Fermingarstaður				I.15. Brottfarardagur					
I.16. Flutningatæki				I.17. Flutningsaðili					
Flugvél		<input type="checkbox"/>	Skip	<input type="checkbox"/>	Járnbrautarvagn	<input type="checkbox"/>	Heiti		Samþykkis- eða skráningarnúmer
Ökutæki		<input type="checkbox"/>	Annað	<input type="checkbox"/>	Heimilisfang				
Auðkenning:				Póstnúmer		Aðildarríki			
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (SN-númer)					
								I.20. Heildarmagn	

I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kældar <input type="checkbox"/> Frystar <input type="checkbox"/> Stýrt hitastig <input type="checkbox"/>		I.22. Fjöldi pakkninga			
I.23. Innsiglisnúmer, ef lögbært yfirvald setur innsigli á, og BIC-kenninúmer gáms		I.24. Tegund umbúða			
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til notkunar í fóður <input type="checkbox"/> Til notkunar í gæludýrafóður <input type="checkbox"/> Lífrænn áburður/jarðvegsbætur <input type="checkbox"/> Til tæknilegra nota <input type="checkbox"/> Sending fellur undir kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001. <input type="checkbox"/> Fisklýsi/fiskimjöl í 3. flokki, sem inniheldur of mikið af díoxíni og/eða PCB-efnum, sem er ætlað til afeitrunar samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/786. <input type="checkbox"/>					
I.26.	I.27. Umflutningur gegnum aðildarríki <input type="checkbox"/> Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði				
I.28. Útflutningur <input type="checkbox"/> Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði	I.29.				
I.30.					
I.31. Auðkenning varanna Samþykkisnúmer starfsstöðva					
Tegund	Tegund vöru	Flokkur	Tegund meðhöndlunar	Framleiðslustöð	Númer framleiðslulotu

LAND

Aukaafurðir úr dýrum/afleiddar afurðir sem eru ekki ætlaðar til manneldis

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
II.1	Yfirlýsing sendanda		
	Ég, undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að:		
II.1.1.	upplýsingarnar í I. hluta eru réttar,		
II.1.2.	allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir og einnig til að komast hjá vixlmengun milli mismunandi flokka.		
	Athugasemdir		
	I. hluti:		
	— Reitur I.1: Lögaðili eða einstaklingur, sem fyrirskipaði flutninginn, sem er tilgreindur í skjalinu sem krafist er samkvæmt samningnum um samkomulag í millilandaflutningum á farni á vegum (Convention relative au Contract de Transport International de Marchandises par Route).		
	— Reitur I.5: Lögaðili eða einstaklingur sem á að fá sendinguna.		
	— Reitur I.6 [valkvæður, ef við á]: Heiti, heimilisfang, skráningarnúmer skráðs seljanda.		
	— Reitur I.9 og I.11: ef við á		
	— Reitur I.12, I.13: samþykkisnúmer eða skráningarnúmer.		
	Ef um er að ræða:		
	— vörur sem falla undir 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einungis geymslustöð, brennslu- eða sambrennslustöð sem er skráð í samræmi við a-lið 1. mgr. 23. gr.; starfsstöð eða stöð sem er samþykkt í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða, ef um er að ræða húsdýraáburð, heimilað viðtökubú,		
	— fisklýsi/fiskimjöl í 3. flokki sem er ætlað til afeitrunar samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/786, tilgreina skal samþykkisnúmer viðtökustöðvarinnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 183/2005 eða reglugerð (ESB) 2015/786.		
	— Reitur I.14: fyllið út ef annað en í reit I.1. og I.12.		
	— Reitur I.17: skráningar- eða samþykkisnúmer raunverulegs flytjanda. Ef þetta eru sömu upplýsingar og í reit I.6 skal einungis nota reit I.17.		
	— Reitur I.23: ef um er að ræða flutning í gámi, allt kenninúmer gámsins (BIC-kóði) er skyldubundið.		
	— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra eða lífrænn áburður eða jarðvegsbætar. Ekki er hægt að nota tæknilegar afurðir í fóður, gæludýrafóður eða lífrænan áburð eða jarðvegsbæta.		
	— Reitur I.31:		
Dýrategundir:	Fyrir efni í 3. flokki og afleiddar afurðir þess sem eru ætlaðar til notkunar sem fóðurefni. Veljið úr eftirfarandi: Aves, Ruminants, Suidae, aðrar Mammalia-tegundir, Pesca, Mollusca, Crustacea, Insecta (tegundir, ef við á), aðrir hryggleysingjar, blandaðar tegundir sem eru ekki jörturdýr, blandaðar tegundir og þ.m.t. jörturdýr.		
Tegund vöru:	Setjið inn vöru af eftirfarandi lista: „aukaafurðir úr býrækt“, „blóðafurðir“, „blóð“, „blóðmjöl“, „meltunarleifar“, „innihald meltingarvegjar“, „nagbein“, „fiskimjöl“, „bragðbætandi innnyflaafurðir“, „gelatín“, „hamsar“, „húðir og skinn“, „vatnsrofið prótín“, „lífrænn áburður/jarðvegsbætar“, „gæludýrafóður“, „unnið dýraprótein“, „aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri“, „hrátt gæludýrafóður“, „brædd dýrafita“, „mylta“, „unninn húsdýraáburður“, „fisklýsi“, „mjólkurafurðir“, „afurðir úr broddi“, „seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu“, „tvíkalsíumfosfat“, „þríkalsíumfosfat“, „kollagen“, „eggjaafurðir“, „sermi úr dýrum af hestaætt“, „veiðiminjagripir“, „ull“, „hár“, „svínsburstir“, „fjaðrir“, „aukaafurðir úr dýrum til vinnslu“, „afleiddar afurðir“, „kjöt- og beinamjöl“, „skrokkar“, „húsdýraáburður“, „fituafleiður“, „glýserín“, „matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu“, „eldhússúrgangur“, „notuð matarolía“, „meðhöndlaðar húðir og skinn“, „ræktunarefni“, „dauð gæludýr“, „dauð dýr af hestaætt“, „fóður sem er ekki lengur ætlað til fóðrunar“, „[eðli aukaafurða eða afleiddra afurða] blandað með hættulausum úrgangi [EURAL-kóði]“, „egg“, „aukaafurðir úr klakstöð“, „fósturvísar, einnig í eggjum“.		

LAND

Aukaafurðir úr dýrum/afleiddar afurðir sem eru ekki ætlaðar til manneldis

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
<p>Flokkur: Tilgreinið efni í 1., 2. eða 3. flokki.</p> <p>Ef um er að ræða efni í 3. flokki, sem ætlunin er að nota sem fóður, gefið upp í hvaða lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er getið um aukaafurðina úr dýrum sem um er að ræða (t.d. a-lið 10. gr., b-lið 10. gr. o.s.frv.).</p> <p>Ef um er að ræða efni í 3. flokki til notkunar í hrátt gæludýrafóður, gefið upp 3a eða 3b (i. eða ii. liður) eftir því hvort getið er um aukaafurðirnar úr dýrum í 10. gr. (a-liður eða i. eða ii. liður b-liðar) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.</p> <p>Ef um er að ræða húðir og skinn og afurðir sem fást úr þeim, gefið upp 3b (iii. liður) eða 3n eftir því hvort getið er um aukaafurðirnar úr dýrum eða afleiddu afurðirnar í 10. gr. (iii. liður b-liðar eða n-liður) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.</p> <p>Tegund meðhöndlunar: Gefið upp meðhöndlunina á verkuðum húðum og skinnum:</p> <p>„(a)“ fyrir þurrkun,</p> <p>„(b)“ fyrir þurr- eða votsöltun í a.m.k. 14 daga fyrir sendingu,</p> <p>„(c)“ fyrir söltun í sjö daga með sjávarsalti með 2% natríumkarbónati.</p> <p>Lýsið vinnslu- eða ummyndunaraðferð fyrir efni í 1. og 2. flokki. Gefið upp viðkomandi vinnsluaðferð (veljið aðferð frá 1 til 5 sem um getur í III. kafla eða staðgönguáðferð sem um getur í IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011) eða vinnsluaðferð fyrir unninn húsdýraáburð sem um getur í XI viðauka við hana og gefið upp dagsetningu merkingar með glýserólítriheptanóati eftir því sem við á.</p> <p>Að því er varðar efni í 3. flokki sem er ætlað í fóður skal vísa til viðeigandi þáttar í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.</p> <p>Að því er varðar afleiddar afurðir úr efni í 3. flokki sem eru ætlaðar til notkunar í fóður, gefið upp viðkomandi staðlaða vinnsluaðferð (veljið aðferð frá 1 til 7 sem um getur í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ef um er að ræða unnið dýraprótein), staðgönguáðferð sem um getur í IV. kafla IV. viðauka ef um er að ræða verkun í síló eða lýsið eðli og aðferðum við meðhöndlun sem settar eru fram í II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.</p> <p>Fisklýsi eða fiskimjöl til afeitrunar skal merkt sem „fisklýsi eða fiskimjöl, sem inniheldur of mikið af díoxíni og/eða PCB-efnum í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB, sem er ætlað til afeitrunar í samþykktri stöð“</p>		
Númer framleiðslulotu:	Setjið inn númer framleiðslulotu eða eyrnamerkisnúmer, ef við á.	
Framleiðslustöð:	Gefið upp vinnslustöð ef um er að ræða unnið dýraprótein og önnur fóðurefni	
II. hluti:		
— Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn.		
Undirritun		
Gjört í	hinn	
(staður)		(dagsetning)
(undirskrift ábyrgðaraðila á upprunastað)		
(nafn, með hástöfum)“		

2) Í stað 10. þáttar III. kafla XVI. viðauka kemur eftirfarandi:

„10. þáttur

Staðlað snið fyrir umsóknir um tiltekin leyfi er varða viðskipti innan Sambandsins

Rekstraraðilar skulu upplýsa lögbært yfirvald í upprunaaðildarríkinu og sækja um leyfi hjá lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins til að senda aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og fisklýsi eða fiskimjöl í 3. flokki, sem er ætlað til afeitrunar, í samræmi við eftirfarandi snið í Traceskerfinu:

Tilvísunarnúmer:		Bls. 1/2
UMSÓKN UM LEYFI TIL SENDINGAR Á AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM OG AFLEIDDUM AFURÐUM TIL ANNARS AÐILDARRÍKIS (48. GR. REGLUGERÐAR (EB) Nr. 1069/2009)		
Heiti og heimilisfang umsækjanda	Samþykkis- eða skráningarnúmer ⁽²⁾	
Heiti og heimilisfang upprunastaða(r)	Samþykkis- eða skráningarnúmer ⁽²⁾	
Heiti og heimilisfang sendanda ⁽¹⁾	Samþykkis- eða skráningarnúmer ⁽²⁾	
Heiti og heimilisfang/heimilisföng viðtökustaða(r) ⁽³⁾	Samþykkis- eða skráningarnúmer ⁽³⁾	
Aukaafurðir úr dýrum/afleiddar afurðir ⁽⁴⁾	Fyrirhuguð notkun ⁽⁴⁾	
<input type="checkbox"/> Efni í 1. flokki sem er: <hr/> (tegund efnis)	<input type="checkbox"/> Förgun sem úrgangur	
<input type="checkbox"/> Efni í 2. flokki sem er: <hr/> (tegund efnis)	<input type="checkbox"/> Vinnsla	
<input type="checkbox"/> Kjöt- og beinamjöl úr efni í 1. flokki	<input type="checkbox"/> Bruni	
<input type="checkbox"/> Brædd dýrafita úr efni í 1. flokki	<input type="checkbox"/> Brennsla eða sambrennsla í starfsstöðvum eða stöðvum sem eru samþykktar vegna brennslu á aukaafurðum úr dýrum	
<input type="checkbox"/> Kjöt- og beinamjöl úr efni í 2. flokki	<input type="checkbox"/> Til áburðar á land	
<input type="checkbox"/> Brædd dýrafita úr efni í 2. flokki	<input type="checkbox"/> Umbreyting í lífgas	
<input type="checkbox"/> Fisklýsi eða fiskimjöl, sem inniheldur of mikið af díoxíni og/eða PCB-efnum í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB, sem er ætlað til afeitrunar í samþyktri stöð	<input type="checkbox"/> Mylting	
	<input type="checkbox"/> Starfsstöð fyrir millistigsstarfsemi	
	<input type="checkbox"/> Gæludýrafóður ⁽⁵⁾	
	<input type="checkbox"/> Framleiðsla á lífdísilólú eða öðru lífeldsneyti	
	<input type="checkbox"/> Til fóðrunar á ⁽⁶⁾ : <hr/>	
	<input type="checkbox"/> Til framleiðslu á eftirfarandi afleiddum afurðum ⁽⁷⁾ ⁽²⁾ : <hr/>	
	<input type="checkbox"/> Ætlað til afeitrunar í samþyktri stöð ⁽²⁾	
Gefið upp magn aukaafurða úr dýrum/afleiddra afurða (rúmmál eða þyngd) ⁽²⁾ ⁽⁸⁾ : _____		

Tilvísunarnúmer:		Bls. 2/2
UMSÓKN UM LEYFI TIL SENDINGAR Á AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM OG AFLEIDDUM AFURÐUM TIL ANNARS AÐILDARRÍKIS (48. GR. REGLUGERÐAR (EB) Nr. 1069/2009)		
Ef um er að ræða kjöt- og beinamjöl og brædda dýrafitu: Efnin hafa verið unnin með eftirfarandi aðferð ⁽⁹⁾ : Efnin hafa verið merkt með glýseróltriheptanóati.		Upprunategund (upplýsingar skulu svara til tilgreindrar tegundar í DOCOM/CD ⁽¹²⁾):
Ef um er að ræða fisklýsi sem er ætlað til afeitrunar, vinnsluáðferð:		
Ég, undirrituð/undirritaður, lýsi því yfir að framangreindar upplýsingar eru réttar.		
(Undirskrift: nafn, dagsetning, samskiptaupplýsingar: sími, símbref (ef við á), tölvupóstfang)		
Ákvörðun lögbærs yfirvalds viðtökuaðildarríkis ⁽¹⁰⁾:		
Vörusendingin:		
<input type="checkbox"/> hafnað		
<input type="checkbox"/> samþykkt		
<input type="checkbox"/> samþykkt með fyrirvara um beitingu þrýstisæfingar (aðferð 1) á efnin og merkingu með glýseróltriheptanóati.		
<input type="checkbox"/> samþykkt með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði fyrir sendingu ⁽²⁾ :		

Þetta leyfi gildir til _____ ⁽¹¹⁾		

(Dagsetning, stimpill og undirskrift lögbærs yfirvalds)		
Athugasemdir: Fyllið skjalið út með HÁSTÖFUM. ⁽¹⁾ Fyllið út ef sendandi er annar en umsækjandi. ⁽²⁾ Fyllið út, ef við á. ⁽³⁾ Ef um er að ræða sendingar í lausri vigt sem fara á marga viðtökustaði ber umsækjandinn ábyrgð á að láta staðbundnu dýralæknaeiningunni í té allar nánari upplýsingar um hina mörgu viðtökustaði Stækka má reitinn til að koma öllum tilskildum upplýsingum fyrir. Fjöldi þessara mörgu viðtökustaða er með fyrirvara um ákvörðun lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á viðtökustaðnum eða -stöðunum. ⁽⁴⁾ Krossið við eftir því sem við á. ⁽⁵⁾ Ef um er að ræða gæludýrafóður sem er framleitt úr efni í 1. flokki, innflutt frá þriðju löndum, sem um getur í c-lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. ⁽⁶⁾ Tilgreinið í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. ⁽⁷⁾ Tilgreinið fyrirhugaða notkun, s.s. til framleiðslu á loðfeldum, lífrænum áburði/jarðvegsbætum, til uppstoppunar o.s.frv. ⁽⁸⁾ Tilgreinið. Ef um er að ræða dauð dýr af hestætt, tilgreinið númer merkissvarans (örfloðu) ef það liggur fyrir eða einkvæmt lífsnúmer, eins og skilgreint er í o-lið 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/262, eins og tilgreint er í auðkennisskírteininu. ⁽⁹⁾ Tilgreinið eina af vinnsluáðferðunum sem um getur í III. eða IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. ⁽¹⁰⁾ Fyrir lögbært yfirvald: krossið við eins og við á. ⁽¹¹⁾ Setjið inn dagsetninguna þegar leyfið fellur úr gildi. ⁽¹²⁾ DOCOM: viðskiptaskjal í Traces-kerfinu/CD: viðskiptaskjal.		